

**Nd.**

**162. Nefndarálit**

[91. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1963.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta er langhæsti ríkisreikningur, sem lagður hefur verið fyrir Alþingi. Þó eru gjöldin á rekstrarreikningi vantalín um rúmlega 100 millj. kr.

Á 13. gr. A, þar sem færð eru útgjöld til vegamála, hefur láðst að færa þessar upphæðir:

Til Reykjanesbrautar .....	kr. 82 784 588.76
— Ólafsvikurvegar .....	— 15 261 325.51
— Siglufjarðarveggar .....	— 2 300 000.00
— Ólafsfjarðarveggar .....	— 1 000 000.00
Samtals	kr. 101 345 914.27

Á 20. gr. — Eignahreyfingar. Innorganir — vantar þessar upphæðir:

Lán hjá ýmsum aðilum vegna Reykjanesbrautar .....	kr. 82 784 588.76
Danskt lán vegna Ólafsvikurvegar .....	— 9 325 650.00
Lán hjá Seðlabanka Íslands vegna Ólafsvikurvegar, Siglu- fjarðarveggar og Ólafsfjarðarveggar .....	— 6 200 000.00
Samtals	kr. 98 310 238.76

Við flytjum breytingartillögur við frumvarpið til leiðréttingar samkvæmt framansögðu.

Á efnahagsreikningi ríkissjóðs 31. des. 1963 er talið með eignum:

VI. 50. Lán til Reykjanesbrautar .....

kr. 82 784 588.76

Þetta á ekki að færast með eignum ríkissjóðs. Lán, sem ríkið tekur, á að færa með skuldum þess, en ekki eignum. Og þjóðvegir hafa aldrei verið taldir með eignum á efnahagsreikningi ríkissjóðs.

Á skuldahlið efnahagsreikningsins vantar þessar ríkisskuldir:  
 Danskt lán til Ólafsvíkurvegar ..... kr. 9 325 650.00  
 Lán hjá Seðlabanka Íslands vegna Ólafsvíkurvegar, Siglu-  
 fjarðarvegur og Ólafsfjarðarvegur ..... — 6 200 000.00

Eign ríkissjóðs hjá vegagerðinni er oftalin um kr. 3 035 675.51.

Eins og hér hefur verið rakið, eru þessar skekkjur í efnahagsreikningi ríkissjóðs 31. des. 1963:

Oftaldar eignir ..... kr. 82 784 588.76  
 og — 3 035 675.51  
 ----- kr. 85 820 264.27

Samtals kr. 85 820 264.27

Vantaldar skuldir ..... kr. 9 325 650.00  
 og -- 6 200 000.00  
 ----- kr. 15 525 650.00

Samtals kr. 15 525 650.00

Samkvæmt framanrituðu eru hreinar eignir ríkissjóðs 31. des. 1963, á bls. 17 í ríkisreikningi, oftaldar um kr. 101 345 914.27.

#### Þorsteinn Þorskabítur.

Á efnahagsreikningi (Eignir VI. 48) er þessi liður:

Ábyrgðargreiðslur ..... kr. 9 611 890.20

Fjárhagsnefnd spurðist fyrir um það, hvers vegna þessi eign hefði ekki verið afhent ríkisábyrgðasjóði eins og aðrar slíkar. Svar ráðuneytisins er þannig:

„VI. 48. Ábyrgðargreiðslur kr. 9 611 890.20.

Greitt vegna ríkisábyrgða á lánum til Þorsteins Þorskabíts og kostnaður við endurbætur á skipinu, en ríkissjóður eignaðist það vegna vanskila á útlögðum ábyrgðargreiðslum.“

Hér kemur fram, að ríkissjóður er orðinn eigandi skipsins, og ætti því nefndur eignaliður að orðast þannig:

Skipið Þorsteinn Þorskabítur ..... kr. 9 611 890.20.

#### Lánveitingar ríkisins.

Á efnahagsreikningnum er m. a. talið með eignum:

VI.10. Lán hjá Exp.-Imp. Bank 1959 (I.C.A.-lán)  
 endurlánað ýmsum stofnunum ..... kr. 102 659 228.51

VI.11. Lán hjá Exp.-Imp. Bank 1960 (I.C.A.-lán)  
 endurlánað ýmsum stofnunum ..... — 123 891 303.63

VI.13. Framkvæmdalán í Bretlandi 1962  
 hjá Hambros Bank ..... — 240 920 000.00

Þar sem hér er um mjög stórar fjárhæðir að ræða, taldi fjárhagsnefnd rétt að óska upplýsinga um ráðstöfun þeirra. Fékk nefndin skýrslur um þær lánveitingar, sem hér um ræðir. Eru þær birtar sem fylgiskjal með þessu nefndarálit.

Þegar ríkið tekur stórfé að láni og endurlánar það öðrum aðilum, eins og hér hefur átt sér stað, virðist eðlilegt, að sundurliðaðar skýrslur um þær lánveitingar verði birtar í ríkisreikningi ár hvert.

### Rekstrarkostnaður ríkisins stórhækkar.

Ríkisreikningurinn sýnir, að kostnaður við ríkisreksturinn hefur farið mjög hækkandi árið 1963. Má þar t. d. nefna kostnað við stjórnarráðið samkv. 10. gr. A, kostnað við dómgæzlu og lögreglustjórn og kostnað vegna innheimtu tolla og skatta, samkv. 11. gr. reikningsins. Hefur þó ríkissjóður greitt um 2.7 millj. kr. á árunum 1960—1963 til svonefndrar hagsýslu, samkvæmt 17. athugasemd yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins.

Um einn af hinum mjög hækkandi gjaldaliðum hafa yfirskoðunarmenn reikningsins ekki getað orða bundizt, en það er kostnaðurinn við álagningu skatta. Um þetta efni er 3. athugasemd þeirra, en hún er á þessa leið:

„Samkvæmt 11. gr. B. II. hefur kostnaður við ríkisskattanevnd og skattstofur orðið á árinu kr. 18 580 133.28, og er umframgreiðsla frá fjárlögum á þessum lið kr. 10 101 133.28.

Þetta virðist sanna greinilega, að hið nýja fyrirkomulag á innheimtu skattanna er miklu dýrara en hið gamla var.

Er því rík ástæða til, að þetta mál sé tekið til rækilegrar athugunar á ný.“

Árið 1962 var þessi kostnaður 12.6 millj. og hefur því hækkað á einu ári um nál. 6 millj. kr.

Hinn 17. apríl 1962 samþykkti Alþingi ný lög um tekjuskatt og eignarskatt, en frumvarp til þeirra laga hafði ríkisstjórnin lagt fram. Í þeim lögum var m. a. ákveðið að leggja niður allar skattanevndir, aðrar en ríkisskattanevnd, en stofna í staðinn 8 skattumdæmi og skyldi einn skattstjóri settur yfir hvert þeirra. Um þetta sagði svo í athugasemdum með stjórnarfrumvarpinu:

„fer ekki hjá því, að hér verði um talsverðan sparnað að ræða.“

Í umræðum um skattalagafrumvarpið á Alþingi 1962 lýsti fjármálaráðherra því afreki sínu að leggja niður 219 undirskattanevndir með samtals 657 mönnum og 24 yfirskaðanevndir með samtals 72 mönnum. Um kosti hins nýja fyrirkomulags við skattaálagninguna sagði fjármálaráðherra m. a. í þingræðu 16. marz 1962:

„Í fyrsta lagi er talið, að þessi skipan muni verða miklum mun ódýrari en sú, sem nú hefur verið um langan aldur, þannig að með þessari nýju skipun sparist verulegt fé.“

Þannig var því haldið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar, að ríkissjóður mundi hafa minni kostnað af hinum 8 nýju skattstofum heldur en störfum skattanevndanna áður. Í ræðum um málið á þinginu 1962 töldu framsóknarmenn mjög vafasamt, að breytingin mundi hafa sparnað í för með sér, enda hafði þóknun til skattanevndarmanna um land allt verið skorin við neglur.

Nú er reynslan komin til sögunnar, og hún sýnir, að kostnaður við álagningu skattanna hefur aukizt gífurlega, síðan hið nýja fyrirkomulag var upp tekið. Árið 1961 var síðasta heila árið, sem skattanevndirnar önnuðust skattaálagningu hver í sínu bæjar- og sveitarfélagi, og þá var kostnaður við störf hinna 729 skattanevndarmanna um land allt, að viðbættum kostnaði við embætti 10 skattstjóra, er þá störfuðu í kaupstöðum, og kostnaði við ríkisskattanevnd, samtals 11.2 millj. kr., og árið 1958 var þessi kostnaður 8 millj. kr. En árið 1963 er kostnaður við hinar 8 nýju skattstofur og ríkisskattanevnd 18 millj. 580 þús. kr. Og trúlega fer þessi gjaldaliður enn hækkandi á næstu árum, þegar hinu nýja fyrirkomulagi vex fiskur um hrygg.

Þrátt fyrir það, að miklu meira fé eyðist nú en áður til að framkvæma skattaálagningu, eru hinar nýju stóru skattstofur miklu svifaseinni við álagninguna en skattanevndar voru, meðan þær störfuðu. Skattskýrslurnar eru því seinna lagðar fram nú en áður var, og veldur þetta m. a. töfum á embættisstörfum sýslumanna. Þannig eru manntalsþing nú víða um land ekki haldin fyrr en á haustmánuðum, og jafnvel ekki fyrr en í desembermánuði í sumum sýslufélögum. Dæmi um slíkt munu ekki hafa þekkt áður.

### Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Í 19. athugasemd yfirskoðunarmanna segir svo m. a.:

„Eins og að undanfögnu hafa yfirskoðunarmenn fengið skýrslu frá „Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins“ um það, hve langt endurskoðun hennar er komið. Samkvæmt þessari skýrslu, sem hér fylgir, er ástandið í þessu efni engan veginn gott, og hefur því miður gengið í öfuga átt við það, sem yfirskoðunarmenn hafa gert sér vonir um og gert ráð fyrir að undanfögnu.

Um tíma færðist þetta í betra horf, þannig að endurskoðuninni miðaði nokkuð vel áfram. En samkvæmt þessari skýrslu er hér um afturför að ræða og það að mun.“

Af svari ríkisendurskoðanda kemur fram, að hann er ekki sammála yfirskoðunarmönnum um það, að endurskoðunin sé skemmra á veg komin nú en áður. En fjárhagsnefnd fékk yfirlit frá ríkisendurskoðanda um það, sem óendurskoðað var 26. okt. s. l. frá árinu 1963 og fyrri árum. Kemur þar fram, að mikið er enn óunnið að endurskoðun reikninga, sem ríkisreikningurinn fyrir 1963 er byggður á. Minni hl. fjárhagsnefndar telur því ekki rétt að afgreiða frumvarpið um samþykkt á ríkisreikningnum að svo stöddu, en leggur til, að málinu verði frestað, þar til upplýsingar liggja fyrir um, að endurskoðuninni sé lokið.

Við flytjum þó nú þegar til leiðréttingar á frumvarpinu eftirfarandi

#### BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við Innborganir, tölulið 6.  
Í stað „61 508 340.85“ komi: 159 818 579.61.
2. Við Útborganir, tölulið 11.  
Í stað „133 273 163.49“ komi: 234 619 077.76.
3. Við Útborganir — Mismunur.  
Í stað „123 554 347.72“ komi: 120 518 672.21.

Alþingi, 14. des. 1964.

Skúli Guðmundsson, Einar Ágústsson.  
frsm.

### Fylgiskjal I.

Svör:

#### Ríkisreikningur 1963.

Efnahagsreikningur ríkissjóðs 31. des. 1963.

#### A. Eignir:

- a. VI 10. Lán hjá Exp.-Imp. Bank (I.C.A.-lán),  
endurlánað ýmsum stofnunum ..... kr. 102 659 228.51
  - b. VI 11. Lán hjá Exp.-Imp. Bank 1960 (I.C.A.-lán),  
endurlánað ýmsum stofnunum ..... — 123 891 303.63
- Sundurliðanir fylgja.

#### I.C.A.-lán 1959 og 1960.

Lán þessi eru þannig færð upp í ríkisbókhaldi (og ríkisreikningi), að skuld ríkissjóðs við Export-Import Bank í Washington er færð upp í erlendum skuldum ríkissjóðs og sama fjárhæð sem eign í veittum lánum ríkissjóðs, þar sem þau eru endurlánuð innlendum aðilum. Útistandandi skuldir við Export-Import Bank eru

reiknaðar út við hver áramót samkvæmt skilagreinum frá Framkvæmdabanka Íslands, en hann sér um þessi lán fyrir hönd ríkissjóðs.

Samkvæmt meðfylgjandi sundurliðunum á eftirstöðvum endurveittra lána um síðustu áramót og gerðar eru af Framkvæmdabankanum kemur í ljós, að eftirstöðvarnar eru nokkru hærri en talið er í ríkisreikningi, eftirstöðvar lánsins frá 1959 (I.C.A.X.-43-11) eru kr. 3 361 893.50 hærri en í reikningi og eftirstöðvar lánsins frá 1960 (I.C.A.X.-43-12) kr. 3 332 175.67 hærri.

Mismunur þessi stafar fyrst og fremst af því, að við endurlánveitingu fjárens innanlands varð í sumum tilfellum dráttur á því, að hún færi fram, og útgáfu skuldabréfanna til ríkissjóðs. Þar sem öll skuldabréfin gilda til jafnlangs tíma, varð þetta til þess að seinka gjalddaga þeirra, og falla því greiðslur af þeim síðar en greiðslur af erlendu lánunum. Orsakar þetta eðlilega hærri eftirstöðvar á veittum lánunum ríkissjóðs en á lánunum hans til Export-Import Bank.

#### Eftirstöðvar pr. 31. des. 1963 af endurlánum vegna láns nr. ICAX-43-11.

Lánsnr.	Lántakandi	Lánsupphæð	Eftirstöðvar	Eftirstöðvar
11—28	Niðurs.v.sm. Kr. J. ....	\$ 44378.70	\$ 44378.70	kr. 1910946.80
11—29	Raforkusjóður .....	- 1331360.95	- 1103127.61	— 47500674.90
11—30	Bæjarsj. Húsavíkur .....	- 29585.80	- 24513.70	— 1055559.90
11—31	Vitam.skrifstofan .....	- 14792.90	- 12256.85	— 527780.00
11—32	Landsh. Keflv.-N.v. ....	- 59171.60	- 49027.69	— 2111132.35
11—33	Hreppsj. Miðn.hr. ....	- 44378.70	- 36770.84	— 1583352.35
11—34	Bæjarsj. Ólafsfjarðar .....	- 29585.80	- 24513.70	— 1055559.90
11—35	Landsh. Rifi .....	- 59171.60	- 49027.69	— 2111132.35
11—36	Hreppsj. Ólafsvíkur .....	- 29585.80	- 24513.70	— 1055559.90
11—37	Hafnarsj. Hafnarfjarðar ....	- 73964.50	- 61284.83	— 2638924.80
11—38	Hafnarsj. Siglufjarðar .....	- 29585.80	- 24513.70	— 1055559.90
11—39	Bæjarsj. Sauðárkróks .....	- 29585.80	- 24513.70	— 1055559.90
11—40	Hreppsj. Hólshrepps .....	- 59171.60	- 49027.69	— 2111132.35
11—41	Ræktunarsj. Íslands .....	- 739645.00	- 612848.59	— 26389260.30
11—42	Hreppsj. Þórshafnar .....	- 29585.80	- 24513.70	— 1055559.90
11—43	Hreppsj. Suðurhr. ....	- 44378.70	- 36770.84	— 1583352.35
11—49	Bæjarsj. Vestmannaeyja ....	- 73964.50	- 61284.83	— 2638924.80
11—50	Hreppsj. Hólmavíkur .....	- 29585.80	- 25359.00	— 1249094.55
			kr. 157136.00	— 1091958.55
11—51	Hreppsj. Reyðarfjarðar .....	- 29585.80	\$ 25359.00	— 1801802.65
11—53	Bæjarsj. Neskaupst. ....	- 44378.70	- 41844.00	— 1200728.10
11—54	Hreppsj. Patreksfj. ....	- 29585.80	- 27885.00	— 1237565.50
11—55	Hreppsj. Grindavíkur .....	- 29585.80	- 28740.49	— 2000000.00
	Ófrágengið .....			—
		\$ 2884615.45	\$ 2412075.85	kr. 106021122.10
			kr. 157136.00	

#### Eftirstöðvar pr. 31. des. 1963 af endurlánum vegna láns nr. ICAX-43-12.

Lánsnr.	Lántakandi	Lánsupphæð	Eftirstöðvar	Eftirstöðvar
11—44	Síldarverksm. ríkisins .....	\$ 177514.79	\$ 173288.15	kr. 7461787.75
11—45	Raforkusjóður .....	- 769230.77	- 750915.38	— 32334416.25
11—46	Niðurs.v.sm. Kr. J. ....	- 8875.74	- 8664.40	— 373089.05
11—47	Raforkusjóður .....	- 769230.77	- 750915.38	— 32334416.25
11—48	Sementsvsm. ríkisins .....	- 295857.99	- 288813.61	— 12436314.05
11—52	Fiskveiðasj. Íslands .....	- 1005917.15	- 981966.00	— 42283455.95
		\$ 3026627.21	\$ 2954562.92	kr. 127223479.30

## Fylgiskjal II.

### Endurlánað af ensku framkvæmdaláni ríkissjóðs.

Til frystihúsa:

Veitt á árinu 1963:

Sveinbjörn Árnason, Kothúsum .....	£	2 494- 3- 7
Eyjaver s.f. ....	—	2 494- 3- 7
Jón Gíslason s.f. ....	—	6 241-13- 7
Fiskiðjusamlag Húsavíkur .....	—	9 976-14- 5
Hraðfrystihús Innri-Njarðvíkur .....	—	4 993- 6-10
Ströndin h.f., Seyðisfirði .....	—	2 494- 3- 7
Gunnar og Guðjón Ingólfssynir, Eyri .....	—	2 496-13- 5
Hraðfrystihús Grundarfjarðar .....	—	4 161- 2- 4
Stefán Guðnason, Rvík .....	—	2 496-13- 5
Hraðfrystihús Eskifjarðar .....	—	24 966-14- 3
Faxafiskur h.f., Hafnarfirði .....	—	4 161- 2- 4
Magnús Gamalielsson, Ólafsfirði .....	—	2 496-13- 5
Fiskiðjan h.f., Vestmannaeyjum .....	—	6 241-13- 7
Arnþór Jensen vegna Framnes, Eskifirði .....	—	2 496-13- 5
Söltunarst. Neptún, Seyðisfirði .....	—	2 496-13- 5
Ísfélag Vestmannaeyja h.f. ....	—	5 825-11- 4
Bæjarútgerð Reykjavíkur .....	—	9 986-13- 8
Söltunarstöðin Máni, Neskaupstað .....	—	2 496-13- 5
Hraðfrystihús Ólafsvíkur .....	—	8 322- 4- 9
Vinnslustöðin h.f., Vestmannaeyjum .....	—	4 161- 2- 4

Samtals £ 111 500-10- 8

Veitt 1964:

Hraðfrystihús Gerðabátanna h.f. ....	£	10 818-18- 2
Ísbjörninn h.f., Seltjarnarnesi .....	—	8 322- 4- 9
Ora — Kjöt & rengi h.f., Kópavogi .....	—	4 161- 2- 4
Niðursuðuverksm. Ver h.f., Ytri-Njarðvík .....	—	8 322- 4- 9
Hraðfrystihús Þórkötlustaða .....	—	5 823-12- 7
Hraðfrystihús Stokkseyrar h.f. ....	—	12 479- 4- 0
Db. Þorbjörns Áskelssonar, Patreksfirði .....	—	9 983- 7- 3
Ólafur S. Lárusson, Keflavík .....	—	4 179- 4- 1
Sigurður Ágústsson, Stykkishólmi .....	—	4 183- 1- 0
Norðurstjarnan h.f., Hafnarfirði .....	—	12 531- 6- 7

Samtals £ 192 304-16- 2

Til hafna:

Veitt 1963:

Landshöfn í Keflavík og Njarðvík .....	£	41 569-13- 5
Landshöfn í Rífi .....	—	141 336-17- 8
Hólshreppur, Bolungarvík .....	—	29 098-15- 5
Hríseyjarhreppur .....	—	8 313-18- 8
Sauðárkrókskaupstaður .....	—	8 313-18- 8
Eyrarbakkaheppur .....	—	4 156-19- 4
Miðneshreppur .....	—	4 156-19- 4
Neskaupstaður .....	—	4 156-19- 4

Árskógshreppur .....	£	8 313-18- 8
Reyðarfjarðarhreppur .....	—	12 470-18- 0
Eyrarsveit, Snæf. ....	—	4 156-19- 4
Þórshafnarhreppur .....	—	4 156-19- 4
Húsavíkurkaupstaður .....	—	8 313-18- 8
Ólafsvíkurhreppur .....	—	4 156-19- 4
Suðureyrarhreppur .....	—	8 313-18- 8
Tálknafjarðarhreppur .....	—	8 313-18- 8
Dalvíkurhreppur .....	—	9 976-14- 5
Höfðahreppur .....	—	4 156-19- 4
<b>Samtals</b>	<b>£</b>	<b>313 435- 6- 3</b>

Veitt 1964:

Hólshreppur, Bolungarv. ....	£	31 486- 0- 0
Eyrbakkahreppur .....	—	8 349- 6- 8
Ólafsfjarðarkaupstaður .....	—	4 174-13- 4
Eskifjarðarhreppur .....	—	12 524- 0- 0
Ólafsvíkurhreppur .....	—	8 349- 6- 8
Vestmannaeyjakaupstaður .....	—	8 349- 6- 8
Grindavíkurhreppur .....	—	4 174-13- 4
Miðneshreppur .....	—	8 358- 8- 2
Ólafsvíkurhreppur .....	—	4 179- 4- 1
Ólafsfjarðarkaupstaður .....	—	4 183- 3- 0
Vopnafjarðarhreppur .....	—	8 349- 6- 8
<b>Samtals</b>	<b>£</b>	<b>415 912-14-10</b>

Til raforku:

Veitt 1963:

Raforkusjóður .....	£	748 254- 0- 0
Sami .....	—	49 884- 0- 0
Sami .....	—	49 933- 8- 6
<b>Samtals</b>	<b>£</b>	<b>848 071- 8- 6</b>
Sami (veitt 1964) .....	—	66 794-13- 9
<b>Samtals</b>	<b>£</b>	<b>914 866- 2- 3</b>

Til síldarverksmiðja:

Veitt 1963:

Siglufjarðarkaupstaður vegna Rauðku .....	£	24 941-16- 1
Guðm. Jónsson, Rafnkelstöðum .....	—	24 941-16- 1
Fiskimjölsværksmiðjan h.f., Vestmannaeyjum .....	—	8 313-18- 8
Hraðfrystihús Ólafsfjarðar .....	—	8 313-18- 8
Síldarverksm. ríkisins, Siglufirði .....	—	70 668- 8-10
Hraðfrystistöð Vestmannaeyja .....	—	12 470-18- 0
Kveldúlfur h.f., Hjalteyri .....	—	24 966-14- 3
Síldar- og fiskimjölsværksm. h.f., Borgarf. eystra .....	—	16 644- 9- 6
Síldariðjan h.f., Breiðdalsvík .....	—	16 644- 9- 6
Sandvík h.f., Bakkafirði .....	—	8 322- 4- 9
Ísver h.f., Suðureyri .....	—	4 161- 2- 4
Fiskimj.- og síldarverksm., Ólafsvík .....	—	8 322- 4- 9
Hraðfrystihús Tálknafjarðar .....	—	8 322- 4- 9
<b>Samtals</b>	<b>£</b>	<b>237 034- 6- 2</b>

**Veitt 1964:**

Einar Guðfinnsson, Bolungarvík .....	£	24 966-14- 3
Ísver h.f., Suðureyri .....	—	2 495-16-10
Db. Þorbjörns Áskelssonar, Patreksfirði .....	—	8 319- 9- 4
Síldar- og fiskimjölsverksm. Kletti, Rvík .....	—	16 698-13- 5

---

Samtals £ 289 515- 0- 0

Alls endurlánað á árinu 1963 .....	£	1 510 041-11- 7
Alls endurlánað á árinu 1964 .....	—	302 557- 2- 8

---

Samtals £ 1 812 598-14- 3